

26. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 6.2. 2024, kl. 9:00 í Snæfellsstofu

Mætt til fundar: Anna Jóna Árnarsdóttir, Halla Auðunardóttir, Jóhann F. Þórhallsson, Kjartan Benediktsson, Lárus Heiðarsson oddviti og Helgi Gíslason sveitarstjóri. Fundurinn er haldinn í Snæfellsstofu þar sem Végarður er upptekinn vegna þorablóts sem verður 10. Febrúar.

Dagskrá:

1. Samningur við Kvasir um tæknibúnað við Hengifoss
2. Þjónustusamningur við Gunnarsstofnun
3. Samningur um lóð Fljótsdalsgrundar
4. Samningur um ferðavefinn hengifoss.is
5. Greinargerð um breytingar á aðalskipulagi-drög
6. Greinargerð um deiliskipulag í Hamborg-drög.
7. Vegagerð í Norðurdal
8. Drög að starfslýsingu verkefnastjóra við Hengifoss
9. Umhverfisstyrkur á Brekku
10. Fundargerðir:
 - a. Byggingar-og skipulagsnefndar 2.2.2024
 - b. Stjórnar sambands íslenskra sveitarfélaga 12.1.2024
 - c. Samtaka orkusveitarfélaga 10.1.2024
 - d. Almannavarna Austurlands 29.1.2024
11. Bréf Héraðsskjalasafns um stafræn málefni.
12. Ákvörðun kærunefndar útboðsmála, varðar sorphreinsun
13. Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga
14. Hugmynd að lóð fyrir hótélbyggingu höfð í skipulagstillögu.
15. Skýrsla sveitarstjóra
16. Önnur mál

1. Samningur við Kvasir um tæknibúnað við Hengifoss

Samningur samþykktur með fyrirvara um athugasemdir frá lögmanni sveitarfélagsins.

2. Þjónustusamningur við Gunnarsstofnun

Samningur samþykktur og oddvita falið að skrifa undir samninginn.

3. Samningur um lóð Fljótsdalsgrundar

Samningur er samþykktur. Sveitarstjóra falið að skrifa undir samninginn.

4. Samningur um ferðavefinn hengifoss.is

Samningur er samþykktur.

5. Greinargerð um breytingar á aðalskipulagi-drög

Kynnt.

6. Greinargerð um deiliskipulag í Hamborg-drög.

Kynnt.

7. Vegagerð í Norðurdal

Sveitarstjórn skorar á Vegagerðina að halda áfram með þær framkvæmdir sem byrjað var á sl. haust í Norðurdal. Einnig þarf að stika veginn með öryggi vegfarenda að leiðarljósi. Nauðsynlegt er að endurhanna aðkomu að brúnni yfir Jökulsá í Norðurdal á leið í Óbyggðasetrið.

8. Drög að starfslýsingu verkefnastjóra við Hengifoss

Sveitarstjóra falið að auglýsa eftir verkefnastjóra við Hengifoss.

9. Umhverfisstyrkur á Brekku

Jóhann vék af fundi. Komið var með reikning vegna þakviðgerða á Brekku á skrifstofa sveitarfélagsins og óskað eftir greiðslu á umhverfisstyrk 2021. Á fundi sveitarstjórnar 1.6.2021 voru umsóknir um umhverfisstyrki afgreiddar. Þar á meðal var ekki umsókn vegna Brekku og því engin umhverfisstyrkur vegna Brekku samþykktur. Í því ljósi er ósk um greiðslu umhverfisstyrks fyrir árið 2021 á Brekku hafnað. Leitað var til lögfræðings sveitarfélagsins vegna málsins. Sveitarstjóra er falið að tilkynna niðurstöðu sveitarstjórnar. Jafnframt er bent á að hægt er að sækja um umhverfisstyrki fyrir árið 2024 í samræmi við reglur á heimasíðu Fljótsdalshrepps. Jóhann kom aftur til fundar.

10. Fundargerðir:

a. Byggingar-og skipulagsnefndar 2.2.2024

Liður 2. Umsókn um stöðuleyfi vegna ratsjárstöðva fyrir fuglamælingar. Samþykkt

Liður 3. Skógarafurðir ehf. Víðivöllum ytri 2 sækja um byggingarleyfi fyrir tvö frístundahús. Samþykkt.

Liður 4. Landsvirkjun sækir um stöðuleyfi fyrir Lidar-tæki í landi Þuríðarstaða. Samþykkt.

Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps samþykkir að auglýsa grenndarkynningu vegna tímabundinnar uppsetningar á veðurmælingamöstrum í samræmi við 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.”

Að öðru leiti var fundargerð kynnt.

b. Stjórnar sambands íslenskra sveitarfélaga 12.1.2024

Kynnt

c. Samtaka orkusveitarfélaga 10.1.2024

Kynnt

d. Almannafræðingur Austurlands 29.1.2024

Kynnt

11. Bréf Héraðsskjalasafns um stafræn málefni.

Kynnt.

12. Ákvörðun kærunefndar útboðsmála, varðar sorphreinsun

Ákvörðun kynnt. Stöðvunarkröfu GS Lausna hafnað.

13. Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga

Lárus oddviti verður fulltrúi okkar ásamt Helga sveitarstjóra á Landsþinginu sem verður 14. Mars 2024 í Silfurbergi í Hörpu.

14. Hugmynd að lóð fyrir hótélbyggingu höfð í skipulagstillögu.

Málið kynnt. Vísað til skipulags og byggingarnefndar til umfjöllunar.

15. Skýrsla sveitarstjóra

Ósk um greiðslu menntastyrks vegna bændaferðar norður í land er hafnað. Vísað er í bókun sveitarstjórnar frá fundi 3. Október 2023 sem er eftirfarandi: Vegna fyrirhugaðrar Bændaferðar norður í land þá mun sveitarfélagið standa straum að kostnaði fyrir rútufé og gistingu.

Kvartanir hafa borist um lausafjárgöngu búfjár í Suðurbyggð, féið hefur verið handsamað og komið til viðkomandi.

Sveitarstjórn samþykkir að reglur um umhverfisstyrki Fljótsdalshrepps sem samþykktar voru á sveitarstjórnarfundi 7. 12.2021 gilda þar til annað verður ákveðið.

Samningur við grenjaskyttur endurnýjaður og sveitarstjóra falið að ræða við samningsaðila.

16. Önnur mál

Sveitarstjóra falið að sækja um í styrkvegasjóð Vegagerðarinnar.

Fundi slitið kl: 13:00

Halla skrifaði fundargerð í tölvu.

Anna Jóna Árnarsdóttir

Halla Auðunardóttir

Jóhann F. Þórhallsson

Kjartan Benediktsson

Lárus Heiðarsson oddviti